



Innkauparáð  
Höfðatorgi

Reykjavík, 15. janúar 2019

VEL2018120012

### **Efni: Beiðni um undanþágu frá innkaupareglum Reykjavíkurborgar**

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar sendi þann 12. desember 2018 erindi til innkaupadeildar þar sem óskað var eftir staðfestingu á því hvort fyrirhugaður samningur við Konukot falli undir skilgreiningu á félagsþjónustu, sbr. i-lið 13. gr. innkaupareglna Reykjavíkurborgar.

Í svari innkaupadeildar, dags. 8. janúar 2019, kemur fram að niðurstaðan sé að efni samningsins falli að skilgreiningu á félagslegri þjónustu í skilningi kafla VIII. laga um opinber innkaup nr. 120/2016 (sjá orðasafn Evrópusambandsins (CPV), sbr. reglugerð EB nr. 213/2008 og reglugerð nr. 933/2010, CPV nr. 85000000-9, 85300000-2, 85310000-5 og 85311000-2 og reglugerð EB 1000/2016 er sú þjónusta sem fellur undir þessi CPV númer útboðsskyld í samræmi við kafla VIII. laga um opinber innkaup nr. 120/2016. Þá segir í svarbréfinu að umrædd kaup teljist vera sértæk þjónusta í skilningi 4. gr. reglugerðar nr. 904/2016 um auglýsingu innkaupa á útboðsvef, viðmiðunarfrjárhæðir vegna opinberra innkaupa og innkaup samkvæmt samningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO) um opinber innkaup. Skv. 4. gr. reglugerðarinnar er viðmiðunarfrjárhæð slíkra kaupa kr. 97.575.000,-. Ljóst sé því að kaupin eru ekki útboðsskyld og falla utan gildissviðs laga um opinber innkaup nr. 120/2016, sbr. 1. mgr. og 4. mgr. 23. gr. laganna.

### **Almenn atriði um fyrirhugaðan samning við Konukot**

Rauði krossinn á Íslandi er hluti af stærstu mannúðar- og hjálparsamtökum heims. Allt starf Rauða krossins miðar að því að bregðast við og aðstoða þar sem neyðin er mest. Rauði krossinn í Reykjavík leggur áherslu á valdeflandi stuðning við berskjaldað fólk í öllum hverfum borgarinnar. Brugðist er við brýnum þörfum fólks sem býr við þrengingar í þeim tilvikum sem opinber stuðningur er ekki til staðar eða nægir ekki. Þörfin í nær samfélaginu er greind reglulega ásamt getu Rauða krossins til að mæta henni og hagar Rauði krossinn starfi sínu í samræmi við niðurstöðuna.

Með fyrirhuguðum samningi við Rauða krossinn í Reykjavík er samið um sérhæfða þjónustu á vegum Rauða krossins. Um er að ræða þjónustu við reykvískar konur sem hvergi hafa höfði sínu að halla og glíma við alvarlegan vanda, bæði andlegan og líkamlegan. Konukot er

neyðarathvarf fyrir húsnæðislausar konur í Reykjavík. Neyðarathvarfið er opið frá kl. 17:00 til kl. 10:00 næsta dag. Dvöl í Konukoti er tímabundin á meðan verið er að vinna að lausn á húsnæðisvanda og öðrum félagslegum vanda gesta og er þjónustan þeim að kostnaðarlausu. Markmið samningsins er að styðja reykvískar konur, veita þeim öryggi og skjól með næturgistingu auk ráðgjafar og stuðnings til betri lífs.

Frá árinu 2013 hafa verið gerðir samningar við Rauða krossinn í Reykjavík um rekstur Konukots. Hafa þeir samningar verið gerðir til þriggja ára. Síðasti samningur sem gerður var við Rauða krossinn í Reykjavík gildi frá 1. september 2016 til 31. ágúst 2018.

Sú fjárhæð sem velferðarsvið mun greiða til, Rauða krossins í Reykjavík, ef að samningi verður, mun að öllum líkindum verða um 68,2 milljónir á ári.

Farið er fram á að heimilt verði að gera samning til eins árs.

### **Rökstuðningur beiðni um undanþágu frá innkaupaferli:**


Af hálfu velferðarsviðs Reykjavíkurborgar er hér með farið fram á heimild innkauparáðs til að víkja frá ákvæðum 11. gr. innkaupareglna Reykjavíkurborgar um skyldu til innkaupa á grundvelli innkaupaferlis, sbr. 1. mgr. 13. gr. innkaupareglanna.

Heimild þessi byggir á 13. gr. innkaupareglanna en fyrir liggur staðfesting innkaupadeildar á að efni fyrirhugaðs samnings við Rauða krossinn í Reykjavík falli undir skilgreiningu i-liðar 13. gr. hvað varðar félagslega þjónustu, sbr. áðurnefnt bréf innkaupadeildar, dags. 8. janúar 2019.

Um er að ræða þjónustu sem sveitarfélögum eru falin með lögum nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga. Umrædd þjónusta er mjög sérhæfð og viðkvæm og ætluð konum sem glíma við mjög mikinn félagslegan vanda. Rauði krossinn í Reykjavík hefur nú þegar öðlast mikla reynslu af þjónustu við umræddan hóp kvenna sem þarfnast sértækrar þjónustu. Það er mat fagaðila að umrætt úrræði sé best til þess fallið að veita viðkomandi konum þá sérhæfðu þjónustu sem aðstæður þeirra krefjast.

Virðingarfyllt,

f.h. Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar,



Kristín Ösp Jónsdóttir, lögfr.




## Kristín Ösp Jónsdóttir

---

**Frá:** johanna.eirny.hilmarsdottir@reykjavik.is  
**Sent:** þriðjudagur, 8. janúar 2019 14:34  
**Til:** Kristín Ösp Jónsdóttir  
**Efni:** Fw: Umsögn um samning Velferðarsviðs um rekstur Konukots

Tilvísun í mál: R12100370



fjármálaskrifstofa

Reykjavík, 8. janúar 2019  
R12100370

5252

## MINNISBLAÐ

**Viðtakandi:** Kristín Ösp Jónsdóttir

**Sendandi:** Sendandi:

---

Efni:  
*Umsögn um samning Velferðarsviðs um rekstur Konukots*

Texti:

Við er til erindis dags. 12. desember 2018 um beiðni á álit vegna samnings um rekstur Konukots.

Með hliðsjón af þeim samningi sem Velferðarsvið Reykjavíkurborgar og Reykjavíkurborg Rauða kross Íslands um rekstur Konukots hyggjast gera með sér til eins árs þá hefur innkaupadeild komist að þeirri niðurstöðu að efni samningsins fellur undir félagslega þjónustu í skilningi kafla VIII. laga um opinber innkaup nr. 120/2016 (sjá orðasafn Evrópusambandsins (CPV), sbr. reglugerð EB nr. 213/2008 og reglugerð nr. 933/2010, CPV nr. 85000000-9, 85300000-2, 85310000-5 og 85311000-2 og reglugerð EB 1000/2016 er sú þjónusta sem fellur undir þessi CPV númer útboðsskyld í samræmi við kafla VIII. laga um opinber innkaup nr. 120/2016.

Umrædd kaup teljast vera sértæk þjónusta í skilningi 4. gr. reglugerðar 904/2016 um auglýsingu innkaupa á útboðsvef, viðmiðunarfrjárhæðir vegna opinberra innkaupa og innkaup samkvæmt samningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO) um opinber innkaup.

Skv. 4. gr. reglugerðarinnar er viðmiðunarfrjárhæð slíkra kaupa kr. 97.575.000,-. Ljóst er því að kaupin eru ekki útboðsskyld og falla utan gildissviðs laga um opinber innkaup nr. 120/2016, sbr. 1. mgr. og 4. mgr. 23. gr. laganna.

Virðingarfyllst

Jóhanna Eirný Hilmarsdóttir  
deildarstjóri innkaupadeildar



Innkaupadeild  
Höfðatorgi

Reykjavík, 12. desember 2018

Óskað er staðfestingar Innkaupadeildar á því að sérsniðin þjónusta Konukots falli undir skilgreiningu á félagsþjónustu, sbr. i-lið 13. gr. innkaupareglna Reykjavíkurborgar. Um er að ræða þjónustu við heimilisláusar konur í Reykjavík þar sem þeim er veitt öruggt skjól, athvarf til að hvíla sig og aðstöðu til að sinna grunnþörfum. Konukot er opið alla daga ársins frá kl. 17:00 til kl. 10:00.

Frá árinu 2013 hafa verið gerðir tveir samningar við Rauða krossinn í Reykjavík um rekstur Konukots og gildi hvor samningur til þriggja ára. Nú er fyrirhugað er að gera samning til eins árs við Rauða krossinn í Reykjavík um rekstur Konukots. Sú fjárhæð sem velferðarsvið mun greiða til Rauða krossins í Reykjavík, ef að samningi verður, er áætluð um 68 milljónir.

Markmið samningsins við Rauða krossinn um Konukot er að veita reykvískum konum, sem hvergi hafa höfði sínu að halla, næturgistingu og samastað í skamman tíma meðan verið er að vinna að lausn á félagslegum vanda þeirra. Öll þjónusta Konukots er þeim að kostnaðarlausu.

Rauði krossinn á Íslandi er hluti af stærstu mannúðar- og hjálparsamtökum heims. Allt starf Rauða krossins miðar að því að bregðast við og aðstoða þar sem neyðin er mest. Rauði krossinn í Reykjavík leggur áherslu á valdeflandi stuðning við berskjaldað fólk í öllum hverfum borgarinnar. Brugðist er við brýnum þörfum fólks sem býr við þrengingar í þeim tilvikum sem opinber stuðningur er ekki til staðar eða nægir ekki. Þörfin í nærsamfélaginu er greind reglulega ásamt getu Rauða krossins til að mæta henni og hagar Rauði krossinn starfi sínu í samræmi við niðurstöðuna.

Við fyrirhugaða samningsgerð hyggst velferðarsvið sækja um undanþágu frá skyldu til að nota innkaupaférli, sbr. 13. gr. innkaupareglna Reykjavíkurborgar.

Í samræmi við ákvæði 3. mgr. 13. gr. innkaupareglanna er óskað eftir staðfestingu innkaupaskrifstofu á að efni ofangreindrar þjónustu falli undir skilgreiningu i-liðar 13. gr. á félagsþjónustu.

Virðingarfyllt,  
f.h. velferðarsviðs Reykjavíkurborgar,

  
Kristín Ösp Jónsdóttir, lögfr.